

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1466

2023/EES/30/46

frá 5. september 2022

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, inniheldur m.a. nokkur bragðefni þar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var ekki fær um, þegar skráin var samþykkt með reglugerð (ESB) nr. 872/2012, að útiloka öryggisáhættu fyrir heilbrigði neytenda á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og taldi því að viðbótargagna væri þörf til að ljúka mati á þeim. Þessum efnum var bætt á skrá Sambandsins yfir bragðefni en með því skilyrði að öryggisgögn, þar sem fjallað væri um áhyggjuefni sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi, yrðu lögð fram áður en sértæku frestirnir, sem komið var á í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, rynnu út. Rekstraradilarnir sem bera ábyrgð á að setja eftirfarandi efni á markað sem bragðefni lögðu þó ekki fram tilskilin gögn og drógu viðkomandi umsóknir sínar til baka: 1-(4-metoxýfenýl)pent-1-en-3-ón (FL-nr. 07.030), vanillýlidenaseton (FL-nr. 07.046), 1-(4-metoxýfenýl)-4-metýlpent-1-en-3-ón (FL-nr. 07.049), 4-(2,3,6-trímetylfenýl)bút-3-en-2-ón (FL-nr. 07.206), 6-metýl-3-hepten-2-ón (FL-nr. 07.258), 5,6-dihýdró-3,6-dímetylbensófurán-2(4H)-ón (FL-nr. 10.034), 5,6,7,7a-tetrahydro-3,6-dímetylbensófurán-2(4H)-ón (FL-nr. 10.036), 3,4-dímetyl-5-pentýlfúran-2(5H)-ón (FL-nr. 10.042), 2,7-dímetyllokta-5(trans),7-dienó-1,4-laktón (FL-nr. 10.043), hex-2-enó-1,4-laktón (FL-nr. 10.046), nón-2-enó-1,4-laktón (FL-nr. 10.054), 2-deken-1,4-laktón (FL-nr. 10.060), 5-pentýl-3H-fúran-2-ón (FL-nr. 10.170), allýl-2-fúróat (FL-nr. 13.004), 3-(2-fúrýl)akrýlaldehyð (FL-nr. 13.034), fúrfúrýliden-2-bútanal (FL-nr. 13.043), 4-(2-fúrýl)bút-3-en-2-ón (FL-nr. 13.044), 3-(2-fúrýl)-2-metýlpróp-2-enal (FL-nr. 13.046), 3-asetýl-2,5-dímetylfúran (FL-nr. 13.066), 2-bútýlfúran (FL-nr. 13.103), 3-(2-fúrýl)-2-fenýlpróp-2-enal (FL-nr. 13.137) og 3-(5-metýl-2-fúrýl)próp-2-enal (FL-nr. 13.150).

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 231, 6.9.2022, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

- 5) Því ætti að fjarlægja þessi efni af skrá Sambandsins yfir bragðefni.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 7) Það ætti að vera heimilt að setja matvæli, sem einhverju af efnunum sem um er að ræða hefur verið bætt í og sem hafa verið sett á markað í Sambandinu eða sem hafa verið send frá þriðju löndum og voru í umflutningi til Sambandsins áður en þessi reglugerð tók gildi, á markað í Sambandinu til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags. Þessi umbreytingarráðstöfun ætti ekki að gilda um blöndur sem einhverju af efnunum, sem um er að ræða, hefur verið bætt í og sem eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar þar eð framleiðendur matvæla, sem nota þessar efnablöndur sem innihaldsefni, þekkja samsetningu þeirra þegar þeir nota þær.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1334/2008**

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

### **Umbreytingarráðstafanir**

1. Matvæli sem einhverju af þeim bragðefnum sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð hefur verið bætt í og voru sett á markað á lögmætan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar má áfram setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.
2. Matvæli sem eru flutt inn í Sambandið og einhverju af þeim bragðefnum sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð hefur verið bætt í má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið í gegnumflutningi til Sambandsins áður en þessi reglugerð gengur í gildi.
3. Umbreytingarráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um blöndur, sem eru ekki ætlaðar til neyslu sem slíkar, sem einhverju af þeim bragðefnum sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð hefur verið bætt í.
4. Að því er varðar þessa reglugerð skal líta svo á að blöndur séu blöndur af einu eða fleiri bragðefnum sem einnig má bæta í öðrum innihaldsefnum matvæla, s.s. matvælaaukefnum, ensímum eða burðarefnum, til að auðvelda geymslu þeirra, sölu, stöðlun, þynningu eða uppleysingu.

*3. gr.*

### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falla eftirfarandi færslur brott:

„07.030	1-(4-metoxýfenýl)pent-1-en-3-ón	104-27-8	826	164			2	EFSA
07,046	Vanillýlídenaseton	1080-12-2	732	691			2	EFSA
07,049	1-(4-metoxýfenýl)-4-metýlpent-1-en-3-ón	103-13-9	829	719			2	EFSA
07,206	4-(2,3,6-trímetylfenýl)bút-3-en-2-ón	56681-06-2					2	EFSA
07,258	6-metýl-3-hepten-2-ón	2009-74-7					1	EFSA
10,034	5,6-díhýdró-3,6-dímetylbensófúran-2(4H)-ón	80417-97-6	1163				2	EFSA
10,036	5,6,7,7a-tetrahýdró-3,6-dímetylbensófúran-2(4H)-ón	13341-72-5	1162				2	EFSA
10,042	3,4-dímetyl-5-pentýlídenfúran-2(5H)-ón	774-64-1		11873	Að lágmarki 93%; efnisþáttur í minna magni 1–2%, 3,4-dímetyl-5-ketóbútansýra-gamma-laktón		2	EFSA
10,043	2,7-dímetylokta-5(trans),7-díenó-1,4-laktón	78548-56-8					2	EFSA
10,046	Hex-2-enó-1,4-laktón	2407-43-4					2	EFSA
10,054	Nón-2-enó-1,4-laktón	21963-26-8					2	EFSA
10,060	2-deken-1,4-laktón	2518-53-8					2	EFSA
10,170	5-pentýl-3H-fúran-2-ón	51352-68-2	1989		Blanda 3H- og 5H-hverfna (2:1)		2	EFSA
13,004	Allýl-2-fúróat	4208-49-5	21	360			2	EFSA
13,034	3-(2-fúryl)akrýlaldehyð	623-30-3	1497				1	EFSA
13,043	Fúrfúrylíden-2-bútanal	770-27-4	1501	11885			1	EFSA
13,044	4-(2-fúryl)bút-3-en-2-ón	623-15-4	1511	11838			1	EFSA
13,046	3-(2-fúryl)-2-metýlpróp-2-enal	874-66-8	1498	11878			1	EFSA
13,066	3-asetýl-2,5-dímetylfúran	10599-70-9	1506	10921			4	EFSA
13,103	2-bútýlfúran	4466-24-4	1490	10927			3	EFSA
13,137	3-(2-fúryl)-2-fenýlpróp-2-enal	65545-81-5	1502	11928			1	EFSA
13,150	3-(5-metýl-2-fúryl)próp-2-enal	5555-90-8	1499				1	EFSA“